

Tilraun til verkfallsbrota í nokkrum veitingahúsum

TIL ÁREKSTRA kom við nokkra veitingastaði í bænum í gær, þar sem eigendur ásamt skylduliði sínu og venzlafólki voru byrjaðir afgreiðslu þrátt fyrir verkfallið, en verkfallsverðir stöðvudu þessar tilraunir.

Um miðjan daginn hópaðist mikill mannsöfnuður saman við veitingastofuna Central í Kolasundi, en þar var eigendinn ásamt konu sinni búinn að opna og byrjaður afgreiðslu. Verkfallsverðir skárust í leikinn og meinuðu fólki inngöngu og fengu loks lögregluna í lið með sér.

Einnig kom til árekstra milli verkfallsvarða og greiðasölumanna við Gildaskálann í Aðalstræti og í Matstofu Fæðisakaupendafélagsins í Kamp Knæ.

Í fyrradag, munu einnig nokkrir veitingastaðir hafa gert tilraun til þess að hafa opið, þar sem eigendur veitingastöðanna töldu sig hafa rétt til þess að vinna sjálfir með skylduliði sínu.

Verkfallsverðirnir stöðva hins vegar allar slíkar tilraunir, nema þar sem vitað er, að eigendur veitingastofanna hafa áður sjálfir unnið við framreiðslustörfin, þeim er ekki meinað það nú. Hins vegar er eigendur veitingastofa, sem ekki hafa sjálfir unnið við framreiðslustörfin, en byrja á því nú, meinað það. Ekki er vitað til, að komið hafi til árekstra eða tilrauna til verkfallsbrota í öðrum starfsgreinum.

Aldar minning Hafliða Guðmundssonar á Siglufirði

Frá fréttaritara AB. SIGLUFIRÐI í gær. HÉR FÓR FRAM í dag hátíðleg athöfn í tilefni aldarafmælis Hafliða Guðmundssonar fyrrum hreppstjóra. Kl. 2 fór fram athöfn í kirkjugarðinum við leiði hans. Flutti þar Ragnar Jónsson, settur bæjarstjóri, ræðu og lagði blómssveig á leiðið fyrir hönd bæjarstjórnar, en kirkjukór Siglufjarðar söng undir stjórn Páls Erlendssonar.

Þaðan var gengið að Norður götu 1, húsi Hafliða, og þar var athöfninni haldið áfram við minnisvarða, sem Norðmenn reistu þar Hafliða. Þar flutti bæjarfógetinn, Einar Ingimundarson ræðu og Karlaórninn Vísir söng undir stjórn Hauks Guðlaugssonar.

Hafliði Guðmundsson fæddist í Reykjavík 2. des. 1952. Hann kom 25 ára gamall til Siglufjarðar og varð héraðsböfðingi Siglufirðinga um 40 ára bil. Hreppstjóri Hvanneyrarhrepps var hann í 23 ár og hreppnefndaroddiviti í 20 ár. Hann kvæntist 1880 Siguríði Pálsdóttur og lifðu þau farsælu hjónabandi í 37 ár; eða þar til Hafliði lézt 12. apríl 1917. — Sigurjón.

Eldur í fatageymslu.

ELDUR brauzt út í fyrrinótt um miðnætti í húsi við Ásvalla götu. Er þar fatageymsla höfð, úr miðstöðvarklefa og kom þar upp eldurinn. Talsvert skemmdist og eyðilagðist af fötum.

40 bílar til Reykjavíkur, þar af 35 til Hreyfils.

SAGT er, að búið sé að úthluta Kaiserbifreiðunum frá Ísrael, sem koma eiga í þessum mánuði til landsins. Mun vera ætlunin, að til Reykjavíkur komi 40, þar af 35 til bifreiðastjóra á bifreiðastöðinni Hreyfli, 5 til Akureyrar, 3 til Hafnarfjarðar og 3 til Keflavíkur, en 11 til annarra landshluta. En alls eru bifreiðarnar 62.

Stúdentaráð biður dr. Gunnlaug afsökunar.

STÚDENTARÁÐ kom saman til fundar í gærkvöldi og gerði þar eftirfarandi samþykkt vegna þess atburðar að meirihluti þess ákvað fyrir skemmstu að afturkalla beiðni sína til dr. Gunnlaugs Þórðarsonar um erindi 1. desember. Hljóðar samþykktin svo:

„Þar eð orðrómur sá, er nokkrum stúdentaráðsmönnum barst til eyrna þess efnis, að tveir vel metnir fræðimenn hafi talið óheppilegt, að dr. Gunnlaugur Þórðarson talaði um landhelgismálið 1. desember, hefur reynt alrangur og tilhæfulaus, en á honum byggðu sumir stúdentaráðsmenn að nokkru afstöðu sína, biður ráðið dr. Gunnlaug afsökunar og harmar þau mistök, er átt hafa sér stað.“

Þessi samþykkt var gerð með 6 samhljóða atkvæðum, en þrjú stúdentaráðsmenn sátu hjá. Er það vel, að stúdentaráð hefur nú reynt að bæta úr axarskaftinu á þennan hátt.

Meirihluti allsherjarnefndar leggur til að áfengisfrumv. verði vísað frá

MEIRIHLUTI Allsherjarnefndar efri deildar, þau Rannveig Þorsteinsdóttir, Guðmundur I. Guðmundsson og Steingrímur Aðalsteinsson, hafa skilað svofeldu álitu um áfengislagafrumvarpið:

„Nefndin hefur haft frv. til athugunar. Hefur hún sent það ýmsum aðilum til umsagnar og rætt það á mörgum fundum. Kom það fram bæði af svörum þeim, er nefndinni bár út, og eins í nefndinni, að mjög mikil andstaða er gegn flestum þeim nýmælum, er í frv. felast. Að þessu athuguðu og með tilliti til þess, að þau félagssamtök, er vinna gegn áfengisnautn meðal landsmanna og afleiðingum hennar, voru ekki til kvödd, er endurskoðun áfengislagafarinnar fór fram, leggur meirihlutinn til, að frv. verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá: Framhald á 7. síðu.

Tillaga Indverja samþykkt en tillaga Rússa felld.

STJÓRN MÁLANEFND sam einuðu þjóðanna hefur samþykkt tillögu Indverja um fangaskiptin í Kóreu. Fulltrúar 53 þjóða greiddu tillögunni atkvæði, en 5 fulltrúar sovétfylgirikjanna greiddu mótatkvæði. Fulltrúi Kína sat hjá.

Í indversku tillögunni er gert ráð fyrir að í fangaskiptanefndinni eigi sæti tveir fulltrúar frá löndum kommúnista, en aðrir tveir frá einhverjum öðrum ríkjum, sem aðild eiga að Kóreustyrjöldinni, en fulltrúi 5. þjóðarinnar verði skipaður formaður nefndarinnar.

Þá er það skýrt tekið fram í tillögunni, að fangunum verði ekki haldið nauðugum.

Tillaga Rússa í fangaskiptamálinu var felld í stjórnmálanefndinni í gær.

Snjóbíll til flutninga í vetur um Eyjafjörð og nálæga vegi

Verður látinn ganga frá Akureyri inn á flugvöll; út á Dalvík, yfir Vaðlaheiði og Öxnadalshéiði, ef snjóþyngli hamla venjulegum bifreiðasamgöngum

ÞEIR BRÆÐURNIR Þorsteinn og Garðar Svanlaugssynir eru nú að kaupa snjóbíl frá Kanada, sem þeir ætla að láta vera í ferðum um Eyjafjörð og nærliggjandi fjallvegi í vetur, ef snjóþyngli hefta aðrar bifreiðasamgöngur.

Að því er Þorsteinn Svanlaugsson skýrði blaðinu frá í gær, er von á þínum með næstu ferðum frá Ameríku. Er þetta sams konar bíll og hinn nýrri snjóbíll Guðmundar Jónssonar og tekur 15 farþega.

Vetur hafa verið svo harðir undanfarið á Norðurlandi, að samgöngur hafa teppzt langa tíma á landi, enda enginn snjóbíll þar til. Ætla þeir bræður nú að bæta úr þessum erfiðleikum ef með þarf. Verður bíllinn látinn vera í ferðum frá Akureyri inn á flugvöll, út á Dalvík, austur yfir Vaðlaheiði og vestur yfir Öxnadalshéiði, þegar ófært er öðrum bílum. Mun hann og koma í góðar þarfir við sjúkraflytninga.

Brezk verk og kvikmyndir ekki sýnd hér vegna löndunarbanansins!

STEF skrifaði nýlega sambandsfélagi sínu í Bretlandi, sendi umferðabréf íslenzkra innflytjenda og vakti eftirtekt á því að svo gæti farið, að hér yrðu ekki lengur flutt brezk verk né brezkar kvikmyndir sýndar þar til aflétt væri löndunarbananni gegn togurum frá Íslandi.

Flugfélagið ákveður að undirbúa kaup á nýrri millilandaflugvél

Það hefur einnig farið þess á leit við ríkisstjórnina, að hún styðji það við að endurnýja flugvélakostinn.

SAMÞYKKT var á aðalfundi Flugfélags Íslands, sem haldinn var á föstudaginn var, tillaga þess efnis, að félagsstjórnin undirbyggi kaup á nýrri nýtzíku millilandaflugvél. Skýrt var frá því á fundinum, að félagið hefði leitað til ríkisstjórnarinnar um stuðning til að endurnýja flugvélakost félagsins til millilandaflugs.

Aðalfundur Flugfélags Íslands var haldinn í Kaupþingsalnum í Reykjavík s.l. föstudag. Formaður félagsstjórnar, Guðmundur Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri, var kjörinn fundarstjóri, en ritari fundarins var Njáll Símonarson.

FJÖLFARNAST MILLI AKUREYRAR OG RVÍKUR

Örn Ó. Johnson, framkvæmdastjóri félagsins, flutti

skýrslu um starfsemina á s.l. ári. Skýrði hann frá því, að félagið hefði eignast eina nýja flugvél á árinu, en það er Douglasflugvélin „Gullfaxi“, sem keypt var frá Bretlandi í stað „Gullfaxa“. Kom hún til lands þann 14. marz. Fyrirkomulag flugferðanna innanlands kvæð framkvæmdastjóri hafa verið með svipuðu móti og árið áður. Flugvélar félagsins fluttu alls 22 062 farþega á innanlandsflugleiðum á árinu, og var það um 9% meira en árið á undan. Vöruflytningar innanlands höfðu aukist um 110% og pósthlytningar um 25%. Fjölförnustu flugleiðirnar voru milli Reykjavíkur og Akureyrar, en á þeirri leið fluttu félagið 7476 farþega, og milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja voru fluttir 4844 farþegar.

10 LEIGUFERÐIR

„Gullfaxi“, millilandaflugvél félagsins, fór 10 leiguferðir með farþega á árinu auk áætlanarferðanna. Þá tók félagið að sér flutninga fyrir Grænlandsleiðangur Frakkans Paul Emil Victor. Fór „Gullfaxi“ 14 ferðir inn yfir hájökul Grænlands og flutti um 50 smálestir af alls konar varningi, sem varpað var niður til leiðangursmanna á jölinum. Farþegagjöldi milli lands jókst um 20% frá árinu áður. Voru nú fluttir 4381 farþega, en flestir þeirra ferðubúst á milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, eða alls 1949. Milli Reykjavíkur og London flugu 1207 farþega. Vöruflytningar milli lands höfðu aukist um 60% á árinu, og voru þá ekki meðtaldir Grænlandsflytningar „Gullfaxi“ á 7. árinu.

Alþýðusambandsþing skoraði á fólk að kaupa ísl. iðnaðarvörur.

23. ÞING Alþýðusambands Íslands skorar eindregið á alla meðlimi alþýðusamtakanna að láta innlenda iðnaðarframleiðslu sitja fyrir í vörukaupum sínum, og hlúa þannig á raunhæfan hátt að hinum unga iðnaði, jafnframt því, sem stuðlað er að stóruvinnu atvinnu í verksmiðjuíðnaðinum.

Söluskatturinn til annarar umræðu

FRUMVARP ríkisstjórnarinnar um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, það er framlengingu söluskattans og fleiri skatta og tolla, var til annarrar umræðu í neðri deild í gær.